

# Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

26. nóvember 2019 kl. 8:10

## Mættir voru:

Sigrún Brynjólfsdóttir, deildarstjóri, Áslaug Pálsdóttir, fulltrúi foreldra, Þorvar Hafsteinsson, fulltrúi grenndarsamfélagsins, Alfreð Maríusson, fulltrúi starfsmanna, Theodór Aldar Tómasson, fulltrúi kennara, Pétur Örn Magnússon, fulltrúi foreldra, Hulda María Sveinbjörnsdóttir, fulltrúi nemenda og Haukur Ingi Hauksson, fulltrúi nemenda.

Fjarverandi: Lovísa Hannesdóttir, fulltrúi kennara, Guðrún Soffía Jónasdóttir skólastjóri, María Jónsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Fundarritari: Guðrún Svava Þrastardóttir námsráðgjafi

## 1. Jóladagskrá

Jóladagskrá, blaðið sýnt fundargestum.

Jólasveinaleikar, farið yfir að mögulega þurfi að færa til dagskrá um eina viku því Kórin er upptekinn þann 11. des. Verið sé að skoða að hafa leikana hér í skólanum en það kalli á breytt fyrirkomulag. Fulltrúar nemenda nefna að þeim lítist ekki vel á slíkt fyrirkomulag.

Breytt fyrirkomulag á jólaballi. Helgileikur og tónlistaratriði í hátíðarsal skólans en jólaballið í íþróttahúsi. Alfreð kynnir breytingar á jólamat nemenda, breytist úr hangikjöti í hamborgarhrygg. Hugmynd frá foreldrum að styrkja samtökin Bumbuloni (langveik börn) eða Kraft.

Almennt eru fundargestir ánægðir með jóladagskrá skólans.

## 2. Samræmd próf

Samræmd próf hjá 4. og 7. bekk í september farið yfir að framkvæmd og undirbúningur prófsins gekk vel. Heilt yfir var árangur Vatnsendaskóla góður og voru einkunnir yfir meðaltali á landsvísu.

Sigrún kynnir að búið sé að fara yfir niðurstöður og funda með kennurum varðandi hvernig við mætum þeim nemendum sem þurfa aukin stuðning eða þjálfun. Skoðum einnig námslega stöðu í skólanum og berum saman við niðurstöður samræmda prófa.

Spurt um hverju við megum þakka gott gengi í samræmdu prófunum. Margt kemur þar inni, sterkur árgangur en fyrst og fremst góð kennsla og fagleg vinnubrögð kennara. Einnig hefur verið unnið með byrjendalæsi frá því í 4. bekk og áhersla hefur verið lögð á stærðfræðikennslu í þessum árgöngum.

## 3. Önnur mál

*Kynfræðsla í skólanum.* Áslaug fjallar um góðan fyrirlestur frá Kolbrúnu. Telur mikilvægt að fara yfir í hvaða árgöngum kynfræðsla sé og spurning hvort ætti að byrja fyrr. Rúna greinir frá því að Auður hjúkrunarfræðingur hafi séð um þessa fræðslu og hún stundum verið með henni. Rætt að það væri sniðugt að taka saman hvernig kynfræðslunni er háttað hér hjá okkur. Kannað hvort bæta megi við fræðsluna í skólanum.

*Ytra mat* mæting slæm á fundinn en að öðru leiti góður fundur. Niðurstöður matsins er komið inná vefinn okkar. Umræður að hafa ekki eingöngu dagskrá á skólatíma, borið saman við Finnland þar sem eru foreldraviðtöl á kvöldin. Sigrún nefnir að færa foreldraviðtöl yfir á kvöld sé flókið því þetta sé skóladagur á skóladagatali (skertur). Hins vegar hafi kennarar verið sveigjanlegir með að mæta foreldrum og fært til viðtöl á tíma sem hentar foreldrum. Tekið fram að umræða hafi verið í starfsmannahópnum varðandi breytt fyrirkomulag á viðtölum en ólíkar þarfir varðandi fyrirkomulag á foreldraviðtölum milli stiga er eitt þeirra. Varðandi fundatíma þá er reynsla skólans að mæting sé ekki betri á dagskrá sem er á kvöldin.

*Samræmdar kannanir*, góður stígandi en liggjum á pari á landsvísu. Áhyggjuefni að þar sem einkunnir lækka er það aðallega stúlkur sem lækka í einkunn þó tölurnar séu ekki háar. Passa þarf að stígandinn verði áfram en huga megi að gengi stúlnanna. Ný skimunarpróf lögð fyrir núna í 1. árgangi. Fáum því fyrr upplýsingar um gengi nemenda. Próf tími ræddur á samræmdum prófum 4. árgangs, vangaveltur hvort próftími sé of langur fyrir svo unga nemendur. Sigrún útskýrir að nemendur ljúki oft prófi áður en tími rennur út og við höfum aldrei upplifað að nemendur lendi í tímapröng. Sigrún nefnir að það sé mikilvægt að hafa í huga að við erum ánægð með að vera yfir á landsvísu en þegar við greinum niðurstöður séum við fyrst og fremst að skoða hvern og einn nemenda og mæta honum á sem bestan hátt.

Skór teknir úr hillum, raddir um að eldri nemendur séu að taka skó þeirra sem yngri eru (ekki staðfest). Vefmyndavélar úti ekki góðar enda orðnar gamlar. Hafsteinn fylgist vel með myndavélakerfi skólans og til stendur að setja upp nýjar vélar.

Á Samkóp kom upp umræða varðandi ábendingar og viðmið varðandi samskipti á netinu. Dæmi er um að umræður fari í vitleysu þó það hafi ekki verið hjá okkur. Bekkjasíður, foreldrafélag, tilmæli til okkar að setja ekki inn myndir beint af börnum á vefinn. Sigrún nefnir að foreldrar samþykki skriflega leyfi fyrir myndbirtingu varðandi börn sín. Varðandi myndbirtingu frá skóla höfum við stuðst við Mentor og þeirra myndaapp til að birta myndir úr skólastarfi.

Umræða um tilkynningar á Mentor, tilkynningar í miklu magni. Við sendum beiðni um að fækka tilkynningum til Mentor. Sem notendur þurfum við að geta valið hvaða tilkynningar við fáum (filter). Við getum sent ábendingu en Sigrún bendir á að mikilvægt sé að þeir fái ábendingu frá foreldrum því þeir séu helstu notendur af appinu.

Fundi slitið. Kl. 09:10